

Ríkislögreglustjóri skal tilkynna Persónuvernd um ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessari grein.

14. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 3. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, i-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 15 14. apríl 2000, og 3. mgr. 45. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77 23. maí 2000, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, nr. 794 25. október 2000.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. apríl 2001.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Björn Friðfinnsson.*

Nr. 323

11. apríl 2001

## SAMÞYKKT

**um umgengni og þrífnað utan húss í Mosfellsbæ.**

1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum.

2. gr.

Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bílhúta, bílflök, skipsskrokka o.s.frv.

3. gr.

Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, bílhræ og þess háttar á lóðum þannig að það snúi að almannafæri. Lóðir sem notaðar eru til geymslu á slíku, skal skerma af með skjólveggjum, sem samþykktir eru af byggingafulltrúa.

4. gr.

Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki sem geymd eru á lóðum íbúðarhúsa skulu geymd á þar til gerðum stæðum sem samþykkt hafa verið af byggingaryfirvöldum.

5. gr.

Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, vinnuvélar eða aðra hluti á bifreiðastæðum sveitarfélagsins, við götur eða á almannafæri. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörum t.d. með álímingarmiða.

6. gr.

Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis á svæðum sbr. 5. gr. að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar.

## 7. gr.

Þeir sem annast flutninga á almannafæri skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði.

## 8. gr.

Eigi má haga hreinsun fasteigna þannig að leitt geti til óþrifnaðar umhverfis.

## 9. gr.

Um eftirlit samkvæmt samþykkt þessari fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, sem samþykkt var eftir aðra umræðu á 319. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 31. janúar 2001, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 11. apríl 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Sveinsstaðahrepps.

#### I. KAFLI

#### Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

## 2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

## 3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Sveinsstaðahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.